



**Austurbrú ses. – 15. stjórnarfundur
haldinn þriðjudaginn 5. mars 2013
í fundarsal AFLs, Miðvangi 2-4 Egilsstöðum**

Mættir: Valdimar O. Hermannsson, Sverrir Mar Albertsson, Þórunn Eymundardóttir, Skúli Björn Gunnarsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Sigrún Blöndal og Rögnvaldur Ólafsson ásamt Karli Sölva Guðmundssyni framkvæmdastjóra. Jafnframt kom Anna Dóra Helgadóttir fjármálastjóra inn á fundinn undir 3. dagskrárlíð.

Dagskrá:

1. Fundargerðir stjórnar og framkvæmdaráðs
2. Samþykkt um verklagsreglur og fundarsköp stjórnar
3. Fjármál Austurbrúar
4. Skýrsla framkvæmdastjóra – staða mála, samningar, fundir o.fl.
5. Aðkoma Austurbrúar að Húsi handanna (Upplýsingamiðstöð/Þorpið)
6. Menningarlandið 2013
7. Önnur mál
 - Málþing um byggðamál 14. mars
 - Ársfundur Austurbrúar
 - Ákveða næsta stjórnarfund

Formaður setti fund kl. 15.05 og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnar staðfest og undirrituð

Fundargerð 14. stjórnarfundar staðfest með undirritun. Búið var að senda hana og samþykkja eftir síðasta fund í tölvupósti. Einnig tekin til umræðu, staðfestingar og undirritunar fundargerð framkvæmdaráðs frá 26. febrúar. Skipun starfshóps sem kemur fram í fundargerð framkvæmdaráðs fer fram undir dagskrárlíð 5.

2. Samþykkt um verklagsreglur og fundarsköp stjórnar

Skúli Björn kynnti lokadrög að samþykktum um verklagsreglur og fundarsköp stjórnar. Farið var yfir alla kafla og þær athugasemdir sem stjórnarmenn höfðu komið á framfæri. Smávægilegar breytingar voru gerðar en reglurnar samþykktar samhljóða með fyrirvara um álit lögfræðings. Óskað var eftir að ákvæði um varamenn yrði borið undir lögfræðing og kannað hvort ekki væri rétt að koma því með skýrum hætti inn í skipulagsskrá á ársfundi. Gert ráð fyrir að undirrita og staðfesta þar með reglurnar á næsta stjórnarfundum að fengnu þessu álit.

3. Fjármál Austurbrúar – yfirlit og staða kynnt

Anna Dóra fjármálastjóri kom inn á fundinn og kynnti nýjustu drög að rekstrarreikningi 2012. Enn eru nokkrir lausir endar í bókhaldi ársins 2012 en útlit er fyrir að halli ársins verði svipaður og fyrri drög gerðu ráð fyrir. Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri sögðu markmiðið að lokadrög rekstrarreiknings yrðu tilbúin fyrir næstu mánaðamót.

4. Skýrsla framkvæmdastjóra – staða mála, samningar, fundir o.fl.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu ýmissa mála. Hann rakti einnig fyrir stjórn lauslega greiningu sína á stöðu Austurbrúar byggða á fyrstu mánuðum í starfi og samtölum í nær- og fjärsamfélagi. Karl kynnti um leið fyrir stjórn hugmynd sína að bættu innra skipulagi hjá stofnuninni. Hún felst m.a. í því að vinna meira saman með menningar-, markaðs og atvinnuþróunarmál til að efla þá málaflokka og virkja betur samstarf fulltrúanna innan stofnunarinnar. Stjórn gaf framkvæmdastjóra umboð til að fara þá leið.

Rætt var um fjarnám á háskólastigi sem Karl hefur verið að kanna möguleika á að koma á. Gott útlit er fyrir að hægt verði að bjóða upp á nýtt nám í haust ef hægt verður að tryggja góða samstarfsaðila.

Vinna við stefnumótun gengur hægt en vel. Fenginn var utanaðkomandi aðili til að taka viðtöl við fulltrúa sem verða nýtt inn í vinnunni.

Karl sýndi stjórn myndband frá 2009 sem Kadeco vann um sviðsmyndir á Reykjanesi þar sem skoðaðar voru hugsanlegar leiðir í þróun svæðisins fram til 2030. Rætt var um hvort svona vinnu væri þörf til að koma umræðu af stað á Austurlandi. Í því samhengi var rætt um skort á tölulegum upplýsingum um íbúapróun og spár þar um. Samþykkt að það gæti orðið góður kostur að varpa upp sviðsmyndum sem byggja á þeim gögnum sem eru til. Verður rætt frekar á næsta stjórnarfundum en Karl mun kanna ákveðin mál varðandi þetta.

5. Aðkoma Austurbrúar að Húsi handanna (Upplýsingamiðstöð/Þorpið)

Valið var í starfshóp til að skilgreina betur og skýra línur varðandi húsnæði Upplýsingamiðstöðvar og framtíð þess og hvernig Austurbrú kemur að eða á að koma að Húsi handanna og Þorpinu. Starfshópurinn kemur með sína sýn og tillögur um breytingar inn á næsta stjórnarfund. Í starfshópinn voru valin: Skúli Björn, Sverrir Mar og Arnbjörg.

6. Menningarlandið 2013

Ráðstefnan Menningarlandið 2013 verður haldin á Kirkjubæjarklaustri 11.-12. apríl. Framtíð og framkvæmd menningarsamninga er umræðuefni Menningarlandsins að þessu sinni. Gert er ráð fyrir að einhverjir stjórnarmenn Austurbrúar sækja ráðstefnuna og var stungið upp á Þórunni í því sambandi.

Undir þessum lið upplýsti formaður að hann hefði átt gott samtal við formann menningarráðs um hlutverk ráðsins inni í nýrri stofnun og sameiginlegur skilningur virtist ríkja um að skerpa línur.

Í tengslum við aðalfund Sambands íslenskra sveitarfélaga í næstu viku er fundur Landshlutasamtaka sveitarfélaga þar sem endurnýjun menningarsamninga verður rædd sérstaklega. Valdimar og Ólafur Áki munu taka þátt í þessum fundum fyrir hönd SSA.

7. Önnur mál

- a) Málþing um byggðamál 14. mars. Formaður kynnti málþing sem er opið öllum. Þar verður m.a. kynnt reynsla af fræðsluferðum sem sveitarstjórnarmenn hafa farið í erlendis síðustu misserin.
- b) Ársfundur Austurbrúar. Á næsta stjórnarfundum verður unnið að mótun dagskrár aðalfundar sem stefnt er að aðra vikuna í maí.
- c) Erindi og bréf. Formaður sagði frá nokkrum erindum og bréfum og upplýsti stjórn um þau.
- d) Fjarvera framkvæmdastjóra. Karl verður fjarverandi í þrjár vikur frá og með 11. mars vegna verkefna sem fram komu við ráðningu hans. Hann verður samt í virku tölvusambandi við stjórn og starfsfólk.
- e) Næsti stjórnarfundur. Samþykkt að halda næsta stjórnarfund þriðjudag 9. apríl.

Ekki fleira rætt. Fundi slitið 18.45.

Skúli Björn ritaði fundargerð

Valdimar O. Hermannsson

Sverrir Mar Albertsson

Rögnvaldur Ólafsson

Sigrún Blöndal

Þórunn Eymundardóttir

Arnbjörg Sveinsdóttir